

30. desember 2016

## Námskeið á vegum BHM

### Vorönn 2017

Árlega skipuleggur BHM margvísleg námskeið fyrir almenna félagsmenn aðildarfélaga, kjörna fulltrúa þeirra, starfsfólk og trúnaðarmenn. Þau eru yfirleitt opin öllum félagsmönnum BHM án endurgjalds og er ætlað að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Þessi þáttur í starfsemi bandalagsins á sér m.a. stoð í grein 1.1. í lögum þess og ákvæðum kjarasamninga eða bókunum við þá.

Á vorönn 2017 verða eftirtalin 11 námskeið í boði. Hér er m.a. um að ræða námskeið um vinnurétt, samskipti á vinnustað og námskeið sem miða að því að efla persónulega færni þátttakenda. Eitt námskeið er sérstaklega ætlað trúnaðarmönnum (*Grunnnámskeið II fyrir trúnaðarmenn*). Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar sem, ef út í þær fer, verða kynntar á vef BHM.

**Opnað verður fyrir skráningu á vef BHM kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 4. janúar nk.** (slóðin er: <http://www.bhm.is/um-bhm/fraedsla/dagskrafraedslu/>). Vinsamlegast athugið að fjöldi þátttakenda er yfirleitt takmarkaður – fyrst koma, fyrst fá. Til greina kemur að endurtaka einstök námskeið ef aðsókn er verulega umfram laus pláss. **Kennsla fer fram í húsnæði BHM að Borgartúni 6 í Reykjavík, 3. hæð.**

Nokkur af þessum námskeiðum verða einnig haldin á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ og Ísafirði í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða en dagsetningar liggja enn ekki fyrir. Opnað verður fyrir skráningu á þessi námskeið á næstu vikum.

11. janúar

#### **Sáttamiðlun á vinnustöðum**

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Lilja Bjarnadóttir, sáttamiðlari og lögfræðingur, eigandi Sáttaleiðarinnar ehf.**

Lýsing:

*Markmið námskeiðsins er að kynna sáttamiðlun sem aðferð til að leysa ágreining og deilumál, hugmyndafræðina sem býr að baki þessari aðferð og hlutverki sáttamiðlara. Fjallað verður um kosti og galla þess að nýta sáttamiðlun til þess að leysa deilur á vinnumarkaði og vinnustöðum og hvernig þátttakendur geta tileinkað sér frekari færni til þess að miðla sáttum í málum sem þeir koma að.*



17. janúar (fyrrri hluti) og 24. janúar (seinni hluti)

### **Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/Leiðbeinandi:

**Ragnhildur Vigfúsdóttir, markþjálfari hjá Zenter ehf.**

Lýsing:

*Góð líðan leiðir til betri heilsu, meiri sköpunar, betri tengsla, langlífis og bættrar frammistöðu. Á námskeiðinu verða kynntar rannsóknir jákvæðrar sálfræði á því sem einkennir einstaklinga sem ná á farsælan hátt að þroskast og aðlagast ólíkum aðstæðum í lífi sínu. Fjallað verður um tíu leiðarvísa fyrir þá sem vill lifa heilshugar. Rætt verður um þakklæti, seiglu, von og velvild í eigin garð. Einnig um hvíld, leik og sköpun. Námskeiðið er ætlað þeim vilja vera jákvæðir og glaðir í lífi sínu og starfi og vilja fá hugmyndir um hvað þeir geta sjálfir gert til að auka hamingju sína og vellíðan.*

**Ath. að námskeiðið verður einnig haldið 7. og 15. febrúar, 9:00–12:00.**

25. janúar

### **Framsækni – örugg tjáning – vinnustofa**

Tími:

**13:00–17:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Sigríður Arnardóttir, félags- og fjölmiðlafræðingur, þáttastjórnandi og kennari við Háskólann á Bifröst**

Lýsing:

*Vinnustofan er hagnýt og hvetjandi fyrir alla sem vilja auka tækifærin, efla sig eða þurfa starfs síns vegna að koma fram og halda ræður eða kynningar. Fyrirlestur, umræður og hagnýt „verkfærakista“ fyrir þá sem vilja tjá sig af enn meira öryggi. Fyrirtæki og stofnanir í dag gera þær kröfur til starfsmanna og stjórnenda að þeir geti komið fram og haldið ræður og kynningar. Aldrei fyrr hefur fólk þurft að markaðssetja sig eða starf sitt í jafn ríkum mæli. Í launaviðtölum og starfsumsóknnum er mikilvægt að koma fram af öryggi. Það þarf að þjálfa örugga framkomu eins og vöðvana og því er nauðsynlegt að halda sér við og bæta sig.*

Á námskeiðinu er rætt um:

- ✓ Undirbúning kynningar/ræðu
- ✓ Að takast á við sviðsskrekki og nýta sér kvíðann
- ✓ Tækni við góða kynningu/ræðu
- ✓ Líkamsstöðu og ímyndarsköpun.
- ✓ Hvað virkar og hvað virkar ekki í ræðupúlti og í umræðum?
- ✓ Hagnýtar aðferðir við að undirbúa „óundirbúna“ ræður/kynningar
- ✓ Að takast á við neikvæða strauma
- ✓ Finndu þinn persónulega stíl og útgeislun.

2. febrúar

**Undirbúningur starfsloka**

Tími:

**10:00–11:30**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka**

Lýsing:

*Fjármál flækjast til muna þegar taka lífeyris hefst. Á námskeiðinu verður farið yfir atriði sem mikilvægt er að hafa í huga þegar starfslok eru undirbúin, s.s.:*

- ✓ *Hvernig eru greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?*
- ✓ *Hvenær á ég að sækja um?*
- ✓ *Hvað ef mig langar að halda áfram að vinna eftir 65/67 ára aldur?*
- ✓ *Hvernig ætti ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?*
- ✓ *Hvað þarf ég að vita varðandi skattkerfið?*
- ✓ *Hvaða áhrif hefur ávöxtun sparifjár?*

13. febrúar

**Grunnnámskeið II fyrir trúnaðarmenn**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Marianna H. Helgadóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)**

Lýsing:

*Námskeiðið er ætlað trúnaðarmönnum aðildarfélaganna BHM. Fjallað verður um:*

- ✓ *Launasetningu og eftirfylgni með framkvæmd stofnana- og kjarasamninga.*
- ✓ *Uppsagnir, starfslok og áminningar.*
- ✓ *Breytingar á störfum, ráðningarkjörum og starfshlutfalli.*
- ✓ *Ýmis lög, s.s. lög um hópuppsagnir og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.*
- ✓ *Reglugerð um einelti, ofbeldi og kynferðislega áreitni á vinnustöðum.*
- ✓ *Samskiptavandamál og einelti á vinnustöðum.*
- ✓ *Starfsmannasamtöl og starfsþróun.*
- ✓ *Sveigjanlegan vinnutíma.*
- ✓ *Einstaka þætti kjarasamnings, s.s. um vinnutíma, veikindarétt o.fl.*

7. febrúar (fyrrri hluti) og 15. febrúar (seinni hluti)

**Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/Leiðbeinandi:

**Ragnhildur Vigfúsdóttir, markþjálfari hjá Zenter ehf.**

Lýsing:

*Góð líðan leiðir til betri heilsu, meiri sköpunar, betri tengsla, langlífis og bættrar frammistöðu. Á námskeiðinu verða kynntar rannsóknir jákvæðrar sálfræði á því sem einkennir einstaklinga sem ná á farsælan hátt að þroskast og aðlagast ólíkum aðstæðum í lífi sínu. Fjallað verður um tíu leiðarvísa fyrir þá sem vill lifa heilshugar. Rætt verður um þakklæti, seiglu, von og*

velvild í eigin garð. Einnig um hvíld, leik og sköpun. Námskeiðið er ætlað þeim vilja vera jákvæðir og glaðir í lífi sínu og starfi og vilja fá hugmyndir um hvað þeir geta sjálfir gert til að auka hamingju sína og vellíðan.

22. febrúar

### **Ímyndir, fordómar og borgaravitund**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinendur:

### **Gunnar Hersveinn heimspekingur og Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastýra Hagþenkis**

Lýsing:

*Umfjöllunarefni námskeiðsins er best lýst með hugtakinu „gagnrýninn borgari“ sem felst í því að kunna skil á mannréttindum, vera læs á samtímann og þora að mótmæla. Á námskeiðinu er greint frá samhenginu á milli flokkana, staðalímynda og fordóma. Þá er fjallað um jafnréttismál, friðarmenningu og borgaravitund. Fjöldmörg nýleg dæmi verða nefnd til sögunnar og rými gefið fyrir umræðuspurningar. Markmiðið er að efla kunnáttu og færni fólks í að skyggast inn í eigið hugskot og beita gagnrýninni hugsun.*

7. mars

### **Efnahagslegar forsendur kjarasamninga**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

### **Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM**

Lýsing:

*Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu á efnahagsegum forsendum kjarasamninga og undirbúa forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins fyrir kjaraviðræður. Námskeiðinu er ætlað að veita ákveðinn grunnskilning en getur einnig þjónað sem holl upprifjun. Á námskeiðinu verður farið yfir undirstöðuatriði þjóðhagfræðinnar og helstu hugtök útskýrð. Þá verða skoðuð sérstaklega áhrif vinnumarkaðar á hagkerfið og þær hagstærðir sem hafa áhrif á kaupmátt launþega.*

8. mars

### **Kynferðisleg áreitni á vinnustað**

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

### **Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, og Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur hjá Lífi og sál sálfræðistofu ehf.**

Lýsing:

*Í upphafi námskeiðsins verður fjallað um helstu lög og reglur sem gilda um kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Síðan verður fjallað um helstu birtingarmyndir slíkrar áreitni, ytri áhrifaþætti svo sem vinnuaðstæður, stjórnunarhætti og viðhorf í starfshópnum sem geta haft áhrif á hvort upp kemur kynferðisleg áreitni og hvernig við henni er brugðist. Greint verður frá hvaða áhrif kynferðisleg áreitni getur haft á þolandann. Loks verður fjallað um forvarnir og fagleg viðbrögð við kvörtunum um kynferðislega áreitni.*



9. mars

**Tengsl stjórnsýslu- og starfsmannaréttar**

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM**

Lýsing:

*Farið verður yfir helstu meginreglur stjórnsýsluréttar sem huga þarf að þegar vinnuveitandi tekur stjórnvaldsákvæðanir er tengjast starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega verður vikið að meginreglum stjórnsýslu- og starfsmannaréttar sem hafa þarf í huga þegar ákvæðanir vinnuveitanda tengjast ráðningu, breytingu á starfi og verkssviði, áminningu og uppsögn.*

13. mars (fyrrri hluti) og 14. mars (seinni hluti)

**Samningatækni**

Tími:

**13:00–17:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Haukur Ingi Jónasson, lektor við Háskólann í Reykjavík**

Lýsing:

*Í námskeiðinu eru kynntar helstu aðferðir samningatækninnar. Fjallað er um forvitnilega sögu samningatækninnar, hámrökum ábata, og rætt hvernig líta má á samningaviðræður sem verkefni. Sýnt er fram á hvernig ólíkur skilningur hefur áhrif á niðurstöður og um þau stig sem nauðsynlegt er að þekkja í samingaumleitan. Þátttakendur fá raunþjálfun í að beita aðferðum og þeir eru sérstaklega þjálfaðir í að beita aðferðum samingatækninnar við samingaborðið. Námskeiðið er vinnustofa þar sem kennt er með raunhæfum æfingum sem eiga að stórauka samingafærni nemenda.*

21. mars

**Réttur starfsmanns til uppfinningar sem hann kemur fram með í starfi – meginreglur laga nr. 72/2004**

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, lögfræðingur Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala**

Lýsing:

*Farið verður yfir meginreglur laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna. Áhersla verður lögð á réttindi starfsmanna á opinberum og almennum vinnumarkaði samkvæmt lögnum, m.a. rétt þeirra til uppfinninga og endurgjalds fyrir þær.*